

## AUGLÝSING

**um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.**

### „STARFSREGLUR

um breyting á eftirfarandi starfsreglum: starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

#### 1. gr.

*Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.*

Orðin „og sókna“ í 2. ml. 1. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, svo og orðin „og kirkna“ í sama ml. falla brott.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi: Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu.

Orðin „sókna, kirkjugarða og“ í 4. tl. 5. gr. falla brott.

#### 2. gr.

*Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998.*

Í stað orðsins „prófasts“ í 9. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 komi: biskupsstofu.

#### 3. gr.

*Starfsreglur um prófasta nr. 734/1998.*

1. ml. 9. gr. og 2. mgr. 15. gr. starfsreglna um prófasta nr. 734/1998 falla brott.

#### 4. gr.

*Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000.*

Orðin „og útnefnið talsmann þolenda“ í staflið g í 1. mgr. 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 falla brott.

#### 5. gr.

*Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 820/2000.*

2. ml. 7. gr. starfsreglna um vígslubiskupa nr. 820/2000 orðist svo: Biskup Íslands felur vígslubiskupi þær sáttaumleitanir. 2. ml. verður 3. ml.

#### 6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 29. gr., 32. gr., 55. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,  
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005